



Fréttatilkynning
frá skrifstofu forseta Íslands

**OPINBER HEIMSÓKN
FORSETA ÍSLANDS OG FORSETAFRÚAR
TIL SNÆFELLSBÆJAR OG GRUNDARFJARÐARBÆJAR**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid halda í opinbera heimsókn til Snæfellsbæjar miðvikudaginn 30. október og heimsækja svo Grundarfjarðarbæ daginn eftir.

Í Snæfellsbæ munu forsetahjónin meðal annars heimsækja starfsstöðvar Grunnskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík og á Hellissandi; einnig verður heilsað upp á leikskólabörn í Krílakoti og eldri kynslóðina á Dvalarheimilinu Jaðri. Forsetahjónin munu heimsækja atvinnufyrirtæki á staðnum, þar á meðal Fiskverkunina Valafell og KG fiskverkun, auk þess sem þau sækja málstofu sem Snæfellsbær efnir til um áskoranir og tækifæri í ferðapjónustunni á Snæfellsnesi. Að kvöldi býður bærinn til fjölskylduhátíðar í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík og hefst hún klukkan 20:00.

Daginn eftir, fimmtudaginn 31. október, verður svo hin opinbera heimsókn í Grundarfjarðarbæ. Þar eins og í Snæfellsbæ munu hjónin kynna sér starfsemi bæjarfélagsins, þau heimsækja ungu kynslóðina í grunn- og leikskólum og líta inn hjá eldri borgurum auk þess sem komið verður við í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði í hádeginu. Einnig heimsækja hjónin fiskvinnslu Guðmundar Runólfssonar og fleiri atvinnufyrirtæki, eiga fund með skátum og sækja svo málstofu um sjávarútvegsmál í Bæringsstofu. Opinni dagskrá heimsóknarinnar lýkur með opnu húsi fyrir bæjarbúa í Sögumiðstöðinni þar sem heimamenn bjóða upp á tónlistaratriði og léttar veitingar og hefst sú samkoma klukkan 16:20.

28. október 2019

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson
skrifstofustjóri (820 4946).*